

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Vesturgata 61.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 23. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi Krókalóns vegna Vesturgötu 61. Í breytingunni felst að byggingarreitir er stækkaður um 1 m til norðvesturs og flatarmál eykst um 6,2 m². Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0,22 í 0,23.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1022/2022.

Vesturgata 81.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 13. september 2022 breytingu á deiliskipulagi Krókalóns sem felst í að heimila svalir. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 4. október 2022.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfisráðs.

B-deild – Útgáfudagur: 5. október 2022